


BORGARRÁÐ 2. maí 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er varðar nemendur með ýmisskonar geðraskanir - R19050015

Bréf: Tillaga

Málsnúmer: SFS2019050046

Bréfalyklar: 4.2 Hagsmunamál barna og ungmenna

Eigandi skjals: Hera Elfarsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 05/06/2019

Dagsetning skjals: 05/06/2019

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Skjalalykill	4.2 Hagsmunamál barna og ungmenna	Málsnúmer	SFS2019050046
Móttökudags.	05/06/2019	Skráð í GoPro	06.05.2019

Viðtakandi		Sendandi	
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður		Nafn	
		Kennitala:	
Tegund skjals	Tillaga	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			
Eldri skjalalykill			
		Er flokkað eftir aldri	<input type="radio"/> Já <input checked="" type="radio"/> Nei
		skjalalykli í	
		skjalasafni.	

Sent:

Sent til:

Notandi: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Dagsetning: 6.5.2019 15:13:01

Til: "SFS" <sfs@reykjavik.is>

Efni: Fw: BORGARRÁÐ 2. maí 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er varðar nemendur með ýmisskonar geðraskanir - R19050015

Tilvísun í mál: R19050015

Sæl

Á fundi borgarráðs þann 2. maí 2019, var meðfylgjandi tillögu áheyrnarfulltrúa flokks fólksins vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs. Óskað er eftir að upplýsingar um málsmeðferð berist borgarráði.

Kveðja,

Ólöf Magnúsdóttir

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhús Reykjavíkur

s. 411 4703

olof.magnusdottir@reykjavik.is

R19050015

BORGARRÁÐ 2. maí 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er varðar nemendur með ýmisskonar geðraskanir - R19050015

BORGARRÁÐ 2. maí 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er varðar nemendur með ýmisskonar geðraskanir - R19050015

Eftirfarandi tillaga Flokks fólksins snýr að nemendum sem eru með ýmisskonar geðraskanir en eins og vitað er er mjög erfitt fyrir þessi börn að fá aðstoð í "venjulegum skóla" 1. Lagt er til fyrst og síðast að farið sé að lögum. Það er lögbrot að reka börn úr skólaskyldu vegna frávika. Það verður að setja meira fjármagn með hverju barni til að ráða faglegan stuðningsfulltrúa t.d. iðjuþjálfara eða sálfræðing sem hefur eitthvað vægi inn í skólafunni. 2. Lagt er til að fjármagn sé merkt barni en ekki skóla þannig að það fylgi barninu skipti það um skóla. 3. Lagt er til að unnið verði markvisst að því að fækka nemendum í bekkjum. 4. Lagt er til að í miðjum tíma fái börn tækifæri til að stand upp og fá hreyfingu. 5. Lagt er til að láta af því að afsérþarfavæða börnin til að það aðlagist kerfinu, hinum svo kallaða „skóla án aðgreiningar“. Skóla- og frístundaráð hefur gengið allt of langt að reyna að þagga niður vanda barna til að láta þau passa inn í skólakerfi sem er ekki útbúið til að taka á þörfum allra barna. Erlendis má sjá að í stað þess að reyna sífellt að slökkva elda er börnum leyft að nota stóra bolta í stað stóla, heyrnartól með tónlist til að þau geti haldið athyglinni og þeim leyft að nýta öll þau verkfæri sem virka til að vinna og efla kosti barnanna. Sveigjanleiki og margbreytileiki þarf að koma sterkar inn í hugmyndafræði skólafunnar. 6. Lagt er til að skóla- og frístundaráð auki vægi tækni- og listaverkefna í grunnskólanum. Eins og vitað er eru styrkleikar barna alls konar. 7. Lagt er til að skóla- og frístundaráð fari nú að alvöru að eyða endalausum biðlistum í þjónustu s.s. greiningar. Borgarstjóri hefur nýlega sagt á opinberum vettvangi að verið sé að setja meira fjármagn í skólana. Hvernig væri að sýna að hér eru ekki einungis orðin tóm? 8. Lagt er til að aðgengi barna að sálfræðingum og iðjuþjálfurum verði stórbætt og að foreldrar hafi ávallt gott aðgengi að þessum sérfræðingum.